



Dalabyggð
b/t Þórður Már Sigfússon
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Reykjavík, 19. janúar 2021
Tilv.:2011911 / AV

Efni: Skipulagsmál - umsögn v/breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar (Sólheimar)

Með tölvupósti dags. þann 24.11. sl. óskaði sveitarfélagið Reykhólahreppur eftir umsögn frá Samgöngustofu (SGS) vegna tillagna að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018.

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi en vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi umhverfismat, aðalskipulag, deiliskipulag og framkvæmdir.

- Ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana tók gildi 15. september 2019. Ákvörðunin dregur saman og skýrir lög, reglugerðir og alþjóðasamninga sem gilda um merkingu hindrana, þ.m.t. vindmylla og hana má finna á þessari vefsloð:
- [\(https://www.samgongustofa.is/media/log-og-reglur-i-flugmalum/akv1a209.pdf\)](https://www.samgongustofa.is/media/log-og-reglur-i-flugmalum/akv1a209.pdf)
- Mikilvægt er að farið sé að lögum um loftferðir og reglugerðum settum með stoð í þeim, m.a. vegna hindrana í nágrenni flugvalla, í aðflugsleiðum, leiðarhindrun o.fl.
 - Ef hindrun er nálagt áætlunarflugvelli eða öðrum lendingarstöðum leggur Samgöngustofa áherslu á að við fyrirhugað skipulag/framkvæmd sé farið að kröfum reglugerðar nr. 464/2007 sem vísar til viðeigandi greina í viðauka 14 við stofnsamning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).
 - Ef hindrun er nálagt alþjóðaflugvelli leggur Samgöngustofa áherslu á að við fyrirhugað skipulag sé farið að kröfum reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, en sú reglugerð innleiðir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014.
 - Tilkynna þarf hindranir til færslu inn á flugleiðsögukort áður og eftir að hindrunin hefur verið reist. Mæligögn vegna hindrana skulu vera með þeirri nákvæmni sem krafist er í reglugerð nr. 772/2010. Tilkynnt skal til Samgöngustofu auk afrits á Isavia ANS og Landhelgisgæslu Íslands.
 - Tryggja þarf að viðeigandi merkingar og hindranaljós séu einnig sýnileg með nætursjónaukum (NVG).



- Athygli er vakin á 68. grein laga nr. 60 um loftferðir frá árinu 1998 en þar segir.:
”Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir“.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður

F. h. Samgöngustofu

Atle Vivås